


✉ Re: Ósk um umsögn, Torfastaðir 1, deiliskipulag - 2103061 -

Búið til	19.11.2021 15:23:37
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	19.11.2021 15:23:37
Tilheyrir	 202110-0012 - Torfastaðir 1, deiliskipulag - 2103061 - ósk um umsókn

Efni

Re: Ósk um umsögn, Torfastaðir 1, deiliskipulag - 2103061 -

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	19.11.2021 15:23:37	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	stella@utu.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202110-0012 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs., dags. 11. október 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu vegna Torfastaða 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Stefnt er að viðamikilli uppbyggingu innan jarðarinnar Torfastaða 1, en deiliskipulagið veitir heimild fyrir 30 lóðum undir frístundabyggð. Áætlaður uppbyggingarreitur er að mestu á algrónu graslendi sem hefur verið nýtt sem beitarhólf og er við vesturenda Álftavatns. Byggingarreitir eru staðsettir í a.m.k. 100 metra fjarlægð frá bökkum vatnsins en lóðamörk þeirra lóða sem eru næst vatninu eru einungis í um 50 metra fjarlægð. Gert er ráð fyrir heildargirðingu kringum allt svæðið.

Álftavatn er hluti af vatnakerfi Sogsins sem metið hefur verið með hátt verndargildi, er á núgildandi náttúruinjasrá vegna fuglalífs og gróðurfars og tilheyrir stærra svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir framkvæmdaáætlun (B-hluta) næstu náttúruinjasrár (<https://www.ni.is/greinar/su-sogid->

thingvallavatn (<https://www.ni.is/greinar/su-sogid-thingvallavatn>). Svæðið er tilnefnt á B-hluta vegna fuglalífs en talsvert fuglalíf er þar árið um kring, einkum á veturna þegar það telst vera alþjóðlega mikilvægt fyrir húsönd og gulönd. Fjöldi annarra andfugla dvelja þar einnig yfir veturinn og má þar nefna álf, stokkönd, skúfönd, duggönd, toppönd og hvinönd. Svæðið er auk þess alþjóðlega mikilvægt fyrir himbrima yfir varp- og fartímamann en þeir eru aðallega á Þingvallavatni og efri hluta Sogsins. Þá eru hafarnir algeng sjón við Sogið að vetri til en þeir urpu á þessum slóðum hér áður fyrr. Mikið straumandarvarp var áður við Sogið, sérstaklega Efra-Sog, en það hvarf að mestu í kjölfar vatnsaflsvirkjana.

Nú þegar er mjög þétt frístundabyggð meðfram austurhluta Álftavatns. Aukinni uppbyggingu fylgir aukið álag fyrir vistkerfi vatnsins þ.m.t. lífríki svo sem fugla og fiska. Álagið getur falist í aukinni hættu á efnamengun frá fráveitu ef t.d. rotþrær virka ekki sem skyldi eða ef fráveitulausnir uppfylla ekki sett skilyrði á annan hátt. Samkvæmt ástandsflokkun vatnshlota sem unnin var undirbúning Vatnaáætlunar 2022-2027, eru vatnsgæði í Soginu metin ásættanleg. Hins vegar voru vatnsgæði Ölfusár flokkuð í óvissu vegna saurkólímegngunar og því mikilvægt að gætt sé þess að vatnsgæði í vatnsföllum sem renna í Ölfusá eins og Sogið haldist áfram góð.

Með tilkomu nýrrar frístundabyggðar eykst einnig hættu á að plast og annað rusl berist út í vatnið. Einnig er meiri hættu á hljóð- og ljósmengun sem truflar dýralíf sem og truflun vegna aukinnar umferðar við og jafnvel á vatninu.

Hvað landið sem frístundabyggðin mun rísa á varðar þá er verndargildi gróðurs þar ekki mikið og einnig er jákvætt að til standi að hlífa votlendinu sunnan svæðisins. Þó má gera ráð fyrir töluverðum þéttleika vaðfugla á framræsta svæðinu sem missa þá óðul sín undir frístundabyggðina. Rannsóknir hérlendis hafa sýnt að hvers kyns mannvirki hafa fælandi áhrif á margar fuglategundir. Slík áhrif koma fram í lægri þéttleika varpfugla næst mannvirkjunum og getur áhrifanna gætt í nokkur hundruð metra fjarlægð. Því er búsvæðatap fugla sem fylgir svona framkvæmdum umtalsvert meira en augljóst er í fyrstu. Í því samhengi ber að nefna að allt Suðurlandsundirlendið flokkast sem mikilvægt fuglasvæði (<https://www.ni.is/node/16184> (<https://www.ni.is/node/16184>)), meðal annars vegna gífurlega mikils þéttleika vaðfugla. Með hverri ákvörðun um breytta landnotkun þar sem gengið er á búsvæði þeirra rýrist þessi heild. Mikil aukning hefur verið á frístundabyggðum innan þessa svæðis á undanförunum árum og áratugum.

Náttúrufræðistofnun hefur nokkrar áhyggjur af því að ný frístundabyggð við vatnið af þeirri stærð sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir, feli í sér áhættu á að álag á lífríki við Sogið og Álftavatn aukist um of þannig að það nálgist þolmörk. Þá hefur stofnunin almennt áhyggjur af því að um of sé gengið á búsvæði vaðfugla innan þess mikilvæga fuglasvæðis sem Suðurlandsundirlendið er. Að mati Náttúrufræðistofnunar væri því æskilegra að minnka umfang byggðarinnar og færa hana fjær bökkum Álftavatns og einnig að vakta vel áhrif á lífríki svæðisins.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>

To: "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Brunavarnir Árnassýslu" <arnessysla@eldvarnaeftirlit.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Ósk um umsögn, Torfastaðir 1, deiliskipulag - 2103061 -

Date: 11.10.2021 09:42:41

Sæl verið þið

Óskum eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi deiliskipulagstillögu vegna Torfastaða 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: www.utu.is (http://www.sbf.is/)

Viðhengi

image001.png (5 KB)